

## Tíundi fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2020, Þriðjudagurinn 8. september kl 20:30 kom Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd saman til fundar.

### 10. fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður og Hrund Pálsdóttir varamður.

Guðríður ritar fundinn

1. Félagsmiðstöðin Zero:  
Nefndinni þykir leiðinlegt að missa núverandi starfsmann félagsmiðstöðvarinnar og er sammála henni um mikilvægi betra húsnæðis fyrir starfsemina.
2. Verkgreinastofur í Flúðaskóla:  
Nefndinni þætti áhugavert að fá frekari útskýringar á fjárhagsáætlun verksins. Í hverju liggur þessi mikli munur á verki A og B?

Ef horft er eingöngu í teikningarnar myndi nefndin telja að lausn B væri mun hentugri og varanlegri lausn en A.

Annars vegar vegna þess að þá eru allar kennslustofur skólans komnar undir eitt þak, sem skapar betra starfsumhverfi fyrir nemendur og kennara. Hinsvegar ef að horft er til framtíðar varðandi íþróttahúsið og þá stóru íþróttamiðstöð sem það á að verða að með nýrri sundlaug og íþróttavelli þá eiga kennslustofur kannski ekki heima þar á þeim tíma og því væri það kannski ekki varanleg lausn.

3. Ungmennaráð – Skipa þarf í ungmennaráð. Árið 2019 skipaði nefndin eftirfarandi aðila í ráðið:  
Nói Mar Jónsson, aðalmaður til tveggja ára  
Hjörný Karlsdóttir, aðalmaður til tveggja ára  
Una Bóel Jónsdóttir, aðalmaður til eins árs  
Helga Margrét Óskarsdóttir, varamaður til tveggja ára  
Ragnheiður Guðjónsdóttir, varamaður í eitt ár

Nefndin þarf því í ár að skipa einn aðalmann og einn varamann til tveggja ára. Nefndin ætlar að leggja höfuðið í bleyti varðandi hugsanlega nýja meðlimi í ráðið.

4. Punktur fyrir fjárhagsáætlunargerð:  
Leggja áherslu á að koma tækjasal í annað og betra rými og auka þar með opnun og aðgengi.  
Morgun opnun í sundlaug.  
Nefndin mun funda aftur fyrir fyrirtöku fjárhagsáætlunar þann 5. Nov og sjá hvort fleiri punktar bætist við.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 21:43